

Mál nr. 298/2011

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartyggingar kvikmyndahúss

Fall við kvikmyndahús 11.11. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 18.07. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.07. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M hrasaði er hann var á gekk út um aðalinngang kvikmyndahúss í Álfabakka. Það var farið að rökkva. M telur að lýsingu hafi verið áfátt, hann hafi ekki séð hæðarmismun við innganginn með þeim afleiðingum að hann missti jafnvægið og féll.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í bréfi til nefndarinnar. Það telur ósannað að rekja megí slysið til saknæmrar og ólögðætrar háttsemi vátryggingartaka. Hér hafi verið um óhappatilvik að ræða eða aðgæsluleysi M.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu. Ósannað er að rekja megí fall M til saknæmrar eða ólögðætrar háttsemi vátryggingartaka eða starfsmanna hans eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á. Ósannað er t.d. að lýsingu hafi verið ófátt þegar slysið varð.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir ekki hendi.

Reykjavík 16. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.